



Ákvörðun nr. 14/2007 í ágreiningsmáli um gjaldtöku fyrir hlerun
2. ágúst 2007

I.

Kvörtun

Þann 20. desember 2006 barst Póst- og fjarskiptastofnun kvörtun lögreglustjórans í Reykjavík, nú embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, hér eftir nefndur kvartandi, dags. 18. desember 2006, vegna tveggja reikninga frá Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) fyrir hlerun á samtals þremur símanúmerum.

Í kvörtuninni er í stuttu máli gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd símhlerunar er háttað þegar um er að ræða símanúmer viðskiptavina Og fjarskipta ehf. og atvikum málsins lýst. Kemur m.a. fram að það falli í hlut Símans hf. að annast framkvæmd hlerana í slíkum tilvikum.

Telur lögreglan að Og fjarskiptum ehf. sé ekki heimilt að krefjast gjalds fyrir umrædda þjónustu. Er í því sambandi vísað til ákvæða 6. og 7. mgr. 6. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, um fjarskipti, sem eru svo hljóðandi:

„Fjarskiptafyrirtæki skulu án endurgjalds tryggja þar til bærum yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu.

Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.“

Síðan segir m.a. í kvörtuninni:

„...Af þessu má ráða að Og Vodafone ber að tryggja lögreglunni aðgang að búnaði til hlerunar, annaðhvort eigin búnaði eða búnaði annars fyrirtækis sem hefur yfir slíkum að ráða, - og það án endurgjalds. Verði Og Vodafone fyrir kostnaði vegna þess að fyrirtækið á ekki slíkan búnað og þarf því að leita til Símans til þess að fullnægja skyldu sinni, verður það að teljast í andstöðu við framangreind ákvæði ef velta á þeim kostnaði yfir á lögregluna.

Áðurnefndir reikningar Og Vodafone eru ekki sundurliðaðir og hefur því lögreglan í Reykjavík engar forsendur til að leggja mat á réttmæti þeirra. Til viðmiðunar og

samanburðar hefur lögreglan þó reikninga frá Símanum, þar sem fjárhæðir eru mun lægri, en án þess að geta fullyrt að sú þjónusta sé sú sama og Og Vodafone lætur í té.“

Fer kvartandi þess á leit við Póst- og fjarskiptastofnun að stofnunin láti uppi álit sitt á því hvort embættinu beri að greiða Og Vodafone fyrir þá þjónustu sem fyrirtækinu ber að láta lögreglunni í té og ef svo hvað telja megi eðlilegt endurgjald fyrir þjónustuna.

II.

Sjónarmið málsaðila

1.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 9. janúar 2007, var Og fjarskiptum ehf. boðið að tjá sig um fram komna kvörtun.

Svar Og fjarskipta ehf. barst stofnuninni með bréfi, dags. 19. janúar 2007, en þar segir eftirfarandi:

„Líkt og lögreglunni hefur verið gerð munnlega grein fyrir eru þeir reikningar sem um ræðir tilkomnir vegna beiðna um hlerun er barst Og fjarskiptum ehf. (Vodafone) utan skrifstofutíma og eru vegna greiðslu á bakvaktarútkalli til tæknimanns. Hins vegar er það rétt hjá lögreglunni að það láðist að senda fullnægjandi sundurliðun með reikningunum. Hafa þeir því verið afturkallaðir úr innheimtu og verða gefnir út að nýju með fullnægjandi fylgigögnum.

Vodafone dregur þannig ekki í efa að félaginu beri lagaskylda til þess að veita lögreglu aðgang að búnaði til hlerunar án endurgjalds enda hefur félagið veitt slíkan aðgang með því að kaupa aðgang að hlerunarbúnaði Símans hf. Greiðslur vegna þessa námu á árinu 2006 ríflega 2 milljónum króna. Vodafone telur umrædda skyldu hins vegar ekki fela í sér að öll þjónusta vegna hlerana sé veitt lögreglunni að kostnaðarlausu. Mun lögreglan í raun fallast á þennan skilning enda hefur hún greitt Símanum hf. svonefnt umsýslugjald athugasemdalaust. Vodafone hefur hins vegar ekki gjaldfært almenna umsýslu vegna hlerana. Félagið telur hins vegar rétt að lögreglan standi straum af óreglulegum kostnaði s.s. þegar kalla þarf til tæknimann á bakvakt er beiðnir berast utan skrifstofutíma.“

2.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 30. janúar 2007, var kvartanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við sjónarmið Og fjarskipta ehf. og var embættinu veittur til þess frestur til 20. febrúar sl. Engar athugasemdir bárust stofnuninni frá embætti lögreglustjóra innan fyrrgreinds frests.

Með bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 12. mars 2007, var embættinu gerð grein fyrir því að ef engar athugasemdir bárust stofnuninni fyrir 31. mars 2007 yrði litið svo á að bréf Og fjarskipta ehf. gæfi lögreglustjóranum í Reykjavík ekki tilefni til athugasemda og yrði ákvörðun í málinu þá tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Umræddur frestur er nú liðinn án þess að nokkrar athugasemdir hafi borist frá embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Er því eftirfarandi ákvörðun tekin á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

III.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 skulu fjarskiptafyrirtæki án endurgjalds tryggja þar til bærur yfirvöldum aðgang að búnaði til hlerunar símtala og annarrar löglegrar gagnaöflunar í fjarskiptanetum sínum eða fjarskiptaþjónustu. Í 7. mgr. sömu greinar kemur jafnframt fram að „*Fjarskiptafyrirtækjum sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk í aðgangi og upphafi símtala í almennum talsíma- eða farsímanetum ber að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um aðgang að búnaði til að fullnægja skyldu skv. 6. mgr. Gjöld fyrir aðgang skulu byggjast á kostnaði, þ.m.t. eðlilegri arðsemi af bundnu fjármagni. Náist ekki samkomulag um aðgang getur aðili vísað málinu til Póst- og fjarskiptastofnunar sem ákveður hvort aðgangur skuli veittur og á hvaða verði.*“

Eins og fram kemur í ofangreindu bréfi Og fjarskipta ehf. er það ekki dregið í efa að félaginu beri lagaskylda til þess að veita lögreglu aðgang að búnaði til hlerunar án endurgjalds og hefur félagið því veitt slíkan aðgang með því að kaupa aðgang að hlerunarbúnaði Símans hf. Hins vegar telur félagið sér ekki skylt að standa straum af óreglulegum kostnaði sem hlotist getur þegar umræddur aðgangur er veittur, eins og til að mynda þegar kalla þarf til tæknimann á bakvakt er beiðnir berast utan skrifstofutíma.

Með frumvarpi að lögum nr. 78/2005 um breytingu á lögum um fjarskipti nr. 81/2003 kemur fram í umfjöllun um 2. gr. frumvarpsins, sem kveður á um að ofangreindar 6. og 7. mgr. skulu bætast við 6. gr. laganna, að tilgangur umræddra ákvæða sé að taka allan vafa af um ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra um *fjármögnun á búnaði* til hlerunar og annarrar gagnaöflunar.

Eins og fram hefur komið hefur félagið Og fjarskipti ehf. keypti þennan aðgang hjá Símanum hf. án þess að hafa velt þeim kostnaði yfir á lögregluna.

Þegar litið er til orðalags og tilgangs ofangreinds ákvæðis verður það ekki skilið á annan hátt en svo að fjarskiptafyrirtækjum sé ætlað að *útvega* hlerunarbúnað fyrir lögreglu á eigin kostnað. Ekki er kveðið á um það í lögnum að fjarskiptafyrirtækjum sé ætlað að standa straum af kostnaði sem hlotist getur vegna þjónustu í tengslum við umræddan búnað. Hafi það verið ætlan löggjafans hefði þurft að vera skýrt kveðið á um það í lögum. Er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að slík íþyngjandi byrði verði ekki lögð á fjarskiptafyrirtæki án skýrra lagafyrirmæla.

Í ljósi þess að Og fjarskipti ehf. hefur afturkallað fyrrgreinda reikninga, sem að mati kvartanda voru ófullnægjandi, og gefið út nýja reikninga með fullnægjandi fylgigögnum, og engar athugasemdir hafa borist Póst- og fjarskiptastofnun varðandi mál þetta, þrátt fyrir að stofnunin hafi veitt kvartanda tvo fresti til þess að koma að athugasemdum sínum, er ekki talin ástæða til að efast um réttmæti ofangreindra reikninga.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að ekki er að finna nein ákvæði í fjarskiptalögum sem koma í veg fyrir að Og fjarskiptum ehf. sé heimilt að krefjast endurgjalds fyrir veitta þjónustu í tengslum við beiðnir um hlerun er berast félaginu utan skrifstofutíma og eru vegna greiðslu á bakvaktarútkalli til tæknimanns.

Ákvörðunarorð

Og fjarskiptum ehf. er heimilt að krefja embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu vegna reikninga sem eru tilkomnir vegna beiðna um hlerun er berast félaginu utan skrifstofutíma og eru vegna greiðslu á bakvaktarútkalli til tæknimanns.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Virðingarfyllst,

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Inga Helga Jónsdóttir